

Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2020



**Ólafur K. Nielsen
Jóhann Óli Hilmarsson
Reykjavík og Stokkseyri
desember 2020**

ÁGRIP

Fuglafána Tjarnarinnar hefur verið vöktuð frá árinu 1973. Fimm andategundir hafa verið árvissir varpfuglar á þessu tímabili: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Urtönd, nýr varpfugl, bættist við 2014 og hefur orpið síðan og toppönd og rauðhöfði eru óreglulegir varpfuglar. Ein rauðhöfðakolla kom upp ungum í sumar. Varpstofnum gargandar og duggandar hefur hnignað verulega og æðurin virðist nú horfin af svæðinu en engar sáust í talningum í vor. Stökkönd hefur einnig fækkað verulega frá 2007 og skúfandarstofninn hefur einnig gefið eftir. Langvarandi viðkomubrestur stendur andastofnunum fyrir þrifum og það hnignunarskeið sem nú stendur yfir hefur varað í meir en 15 ár. Þrjár meginskýringar eru á lélegri afkomu andarunga: (1) fæðuskortur; (2) afrán; og (3) hnignun búsvæða. Tjörnin er fuglagarður í miðri borg og umsjón og ábyrgð þessa svæðis er á hendi borgaryfirvalda. Astand fuglastofna Tjarnarinnar er óviðunandi og ekki í samræmi við mikilvægi fuglanna fyrir borgarbúa. Vorin 2014 og 2015 var spyrnt við fótum og borgaryfirvöld stóðu að andarungaeldi við Tjörnina til að styðja við hnignandi stofna. Það starf hefur borið árangur og t.d. var eina gargandarkollan sem varp við Tjörnina í sumar úr sleppingum frá 2015. Haustið 2017 voru ágengar plöntur í kríuvarpinu í Þorfinnshólma upprættar og haustið 2018 í kríuvarpinu í Vatnsmýrarfriðlandi. Líkt og við höfum áður sagt, þá fögnum við þessu frumkvæði og hvetjum til að haldið verði áfram á sömu braut.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP.....	2
INNGANGUR	4
FUGLALÍF 2020	5
<i>Álft</i>	5
<i>Grágæs</i>	6
<i>Heiðagæs</i>	6
<i>Stökkönd</i>	6
<i>Gargönd</i>	8
<i>Urtönd</i>	8
<i>Taumönd</i>	9
<i>Rauðhöfðaönd</i>	9
<i>Duggönd</i>	9
<i>Skúfönd</i>	9
<i>Æður</i>	9
<i>Toppönd</i>	9
<i>Gulönd</i>	10
<i>Kría</i>	10
<i>Aðrir fuglar</i>	11
ANNAÐ STARF.....	11
<i>Fuglaskilti</i>	11
<i>Vinir Tjarnarinnar</i>	11
UMRÆÐA	12
HEIMILDIR.....	15
TÖFLUR.....	16

Forsíða: Gargandarkolla á Tjörninni 9. apríl 2020. Ljósmynd. Ólafur K. Nielsen.

INNGANGUR

Fuglar hafa verið taldir á Tjörninni á vorin og síðusumars flest ár frá árinu 1973, oftast af höfundum þessarar skýrslu. Tilgangurinn er að fylgjast með stofnbreytingum og þessi vöktun hefur beinst að andfuglum (gæsum og öndum) og einnig kríu, en ekki mófuglum í Vatnsmýrinni. Talið var þrisvar sinnum um vorið og sumarið 2020, í maí og í júlí. Allir fuglar voru taldir á Norðurtjörn, Suðurtjörn, Þorfinnstjörn, Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, sem og í friðlandinu í Vatnsmýri (1. mynd). Talningar í maí gefa stærð varpstofna og síðsumarstalningin viðkomuna. Hjá öndum er stærð varpstofns miðuð við fjölda kolla. Hér á eftir verður fjallað um endur, gæsir og kríu en einnig nefndar aðrar tegundir sem sáust. Auk athugana höfunda var leitað upplýsinga á skráningavefnum eBird, athuganir voru aðallega frá Quentin Horta (QH) og Snæþóri Aðalsteinssyni (SA, eBird 2017, 2020).



1. mynd. Tjörnir og friðland fugla í Vatnsmýri. 1=Norðurtjörn, 2=Suðurtjörn, 3=Þorfinnstjörn, 4=Vatnsmýrartjörn, 5=Hústjörn og 6=friðland. Friðlandið er markað með síkjum. Mynd var tekin 27. júlí 2020 og sótt af Borgarvefsjá 27. nóvember sama ár.

FUGLALÍF 2020

Sex andategundir urpu við Tjörnina sumarið 2020. Stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd hafa verið árvissir varpfuglar frá upphafi talninga 1973. Einnig fundust urtönd og rauðhöfði með unga. Urtönd hefur orpið árlega frá 2014 og rauðhöfðar verpa endrum og eins. Enginn æðarfugl sást á árinu.



*2. mynd. Vel fer á með öðrum höfunda og spakri álftr við Tjörnina 9. desember 2020. Ljós-
Björg Þorleifsdóttir.*

Álftr

Í talningu 1. maí sáust 12 álftrir og þrjár 18. maí. Þann 25. júlí sáust 5 fuglar. Það er óvanalegt að álftrir dvelji á Tjörninni að sumarlagi. Álftrir höfðu vetursetu á Tjörninni veturinn 2020 til 2021 líkt og verið hefur í áratugi (2. mynd) og þann 13. desember sáust 100 fuglar.

Grágæs


Þann 25. júlí sáust 93 fullorðnar gæsir og 20 gæsarungar (1. tafla). Þetta er svipaður fjöldi og nýliðin sumur en veruleg fækkun frá því sem verið hefur síðustu 30 ár eða svo. Fyrir voru að jafnaði 200–300 gæsir á Tjörninni síðsumars. Greinilegt er að gæsavarpíð í Vatnsmýrinni hefur minnkað.

Heiðagæs


Ein heiðagæs hefur dvalið með Tjarnargæsnum um langa hríð. Hún sást t.d. í talningu 1. maí og oft þess fyrir utan, m.a. 14. mars, 10. ágúst og 8. desember.

Stökkönd


Í maí sáust mest 16 stökkandarkollur og 45 í júlí (1. tafla). Stærð á varpstofni var miðuð við júlígildið (45 kollur). Samanburður við fyrri ár sýnir að varpstofninn var sterkur á 8. áratug nýliðinnar aldar (100 til 120 pör). Síðan fækkaði í stofninum og lágmark var 1995 (45 pör), eftir það óx hann jafnt og þétt og var kominn í 113 pör 2007. Aftur fækkaði fuglunum og hefur stofninn verið með allra minnsta móti 2014 til 2020 (3. mynd, 2. tafla). Samtals felldu 155 stökkandarsteggir flugfjaðrir á Tjörninni 2020 en þetta eru bæði heimafluglar og aðkomufuglar (1. tafla). Fellisteggjum hefur fækkað mikið frá því sem áður var og tölur fyrir árin 2014 til 2020 eru þær langlægstu frá upphafi talninga (4. mynd). Í lok júlí 2020 voru 10 stökkandarkollur með samtals 19 unga. Almennt hefur viðkoma stökkandarinnar verið slök allar götur frá 2005 (5. mynd, 3. tafla).



3. mynd. Andakollur á Tjörninni vorin 1974–2020. Gögn vantar fyrir allar tegundir árin 1982 til 1987, fyrir æður 1981 og duggönd 1993. Ekkí eru sýndar myndir fyrir urtönd, rauðhöfða og toppönd sem hafa orpið óreglulega. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna.



4. mynd. Fellisteggir stökkandar á Tjörninni 1973 til 2020. Gögn vantar fyrir árin 1981 til 1987 og 1992 og 1993. Rauði ferillinn sýnir meginleitni gagnaraðarinnar.



5. mynd. Andarungar á Tjörninni síðsumars 1973–2020. Gögn vantar fyrir árin 1983 til 1985, 1987 og 1992 til 1993, einnig vantar stökkönd og gargönd 1986, stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd 1994, og æður 1995. Ekki er sýnd mynd fyrir urtönd, rauðhöfða og toppönd, sem hafa orpið óreglulega. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna.

Gargönd

Gargandapar sást á Tjörninni um vorið og í júlí var kolla með 6 unga (1. og 3. tafla). Þetta er svipað og verið hefur frá 2004 (1–2 varppör; 3. mynd, 2. tafla). Í júlí bættust við 13 gargendur og felldu flugfjaðrir á Tjörninni: 9 steggir og 4 kollur. Þetta er svipað og var mest á 8. áratug síðustu aldar (Ólafur K. Nielsen 1992). Gargandastofninn á Innesjum notar nokkra fellistaði og virðist skiptast á um þá, auk Tjarnarinnar fella þær á Bakkatjörn á Seltjarnarnesi og Kasthúsatjörn á Álftanesi. Varpkollan 2020 er merkt og líklega sama kolla og í fyrra (forsíðumynd). Nú náðist að lesa á merkið og þetta er einn eldisunganna sem sleppt var á Tjörnina sumarið 2015. Gargandahópur dvaldi á Tjörninni í haust og sáust mest um 25 fuglar 19. október. Áður fyrr voru gargendur mun tíðari á Tjörninni á haustin og flestar sáust haustið 1980 55 fuglar (Ólafur K. Nielsen 1992). Örfáar gargendur hafa haft vetursetu undanfarin ár og eitt par sást 24. nóvember.



6. mynd. Gargandarsteggur á Tjörninni 9. apríl 2020. Ljós. ÓKN.

Urtönd

Urtendur hafa orpið við Tjörnina frá 2014 og varppörin dvelja á tjörnum í Vatnsmýrinni. Þær eru felugjarnar og það getur verið erfitt að koma auga á þær. Í talningum um vorið sáust mest tvær kollur og einn steggur 18. maí, og í 25. júlí aðeins einn ókyngreindur fullorðinn fugl (1. tafla). Hins vegar sást kolla með einn unga þann 12. júlí. Miðað við þetta voru tvö varppör á svæðinu um vorið og a.m.k. annað parið kom fram með unga.

Urtendur hafa haft vetursetu á Tjörninni um árabíl en heldur hefur fækkað í hópnum. Veturinn 2006–2007 sáust mest 37 fuglar (25. nóvember 2006) og 36 fuglar veturinn 2007–2008 (29. desember 2007). Það sem af er vetri 2020–2021 hafa sést mest 11 fuglar (8. desember). Vetursetufuglarnir hafa haldið sig mest á Vatnsmýrartjörn og Hústjörn en líka á skurðum austast í Vatnsmýrinni. Þessum skurðum hefur verið spillt í tengslum við uppbyggingu á Hlíðarendasvæðinu.

Taumönd

Taumandarsteggur sást í Vatnsmýrinni 17. - 23. júní. Þetta er í annað sinn sem taumönd sést á Tjörninni, steggur var við ráðhúsið í maí 2009 (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2009), en taumönd er árviss gestur á Íslandi

Rauðhöfðaönd

Tvö rauðhöfðapör voru á Tjörninni í vor og sumar og önnur kollan kom upp 5 ungunum (1. tafla). Eftir margra ára hlé eru rauðhöfðar aftur vetrargestir á Tjörninni og það sem af er vetri 2020–2021 hafa sést mest 35 fuglar (8. desember). Þetta er ívið meira en var í fyrravetur og reyndar með því mesta sem verið hefur í áratugi og þarf að fara allt aftur til 1973–1974 til að finna sama fjölda vetursetufugla (Ólafur K. Nielsen 1992).

Duggönd

Í talningum um vorið sáust mest 9 duggandarkollur og varpstofninn er miðaður við það gildi (1. tafla). Duggöndum á Tjörninni hefur fækkað jafnt og þétt allar götur frá 1980, ef undan er skilið sex ára tímabil um síðustu aldamót. Botninum virðist hafa verið náð 2009 og síðan hefur stofninn haldist tiltölulega stöðugur eða 5 til 9 pör (3. mynd, 2. tafla). Viðkoman 2020 var skárri en síðustu þrjú ár og fjórar kollur komu upp samtals 10 ungunum (1. tafla). Viðkoma duggandar hefur verið léleg um langa hríð, undantekningar voru árin 2015 og 2016 (5. mynd, 3. tafla).

Skúfönd

Í talningum í maí sáust 15 og 19 skúfandarkollur en 28 kollur í júlí og stofnstærð er miðuð við þá tölu (3. mynd). Viðkoman var í meðallagi og 10 kollur voru með 52 unga á lífi í lok júlí (1. tafla). Stofnbreytingar skúfandar hafa verið frábrugðnar stofnbreytingum annarra Tjarnaranda. Skúfandarstofninn óx á árunum 1980–1998, úr tæplega 20 pörum í liðlega 30 pör, minnkaði síðan og frá 2003 hafa verið á bilinu 19 til 29 pör (3. mynd, 2. tafla). Toppár í fjölda skúfanda árin 1997, 2002 og 2010 helgast líklega af tímabundnum heimsóknum aðkomufugla frekari en raunverulegri aukningu í varpstofni. Viðkoma skúfanda batnaði jafnt og þétt á sama tíma og skúfandastofninn óx á 8. og 9. áratug 20. aldar og var í hámarki á fyrrihluta 10. áratugarins, nokkrum árum á undan hámarki í stofnstærð. Frá miðjum 10. áratugnum hefur viðkoman verið lakari og sérstaklega hafa árin frá og með 2005 verið mögur ef undan eru skilin árin 2009, 2016 og árið í ár (5. mynd, 3. tafla). Reyndar er 2020 með bestu árum hvað viðkemur frjósemi skúfanda á Tjörninni.

Æður

Enginn æðarfugl sást í talningum 2020 (1. tafla). Vorið 2018 taldi varpstofninn þrjú pör og í fyrra sáust bara þrír blikar. Enginn ungi hefur komist upp frá sumrinu 2014. Æðarstofninn á Tjörninni var stærstur á 8. og 9. áratug síðustu aldar, síðan hefur stofninn verið í samfelldri niðursveiflu og mikil og hröð fækkun frá 2004 (3. og 5. mynd, 2. og 3. tafla). Nú virðist komið að leiðarlokum eftir 62 ára búsetu æðarfugla við Tjörnina. Þetta eru dapurleg tímamót svo ekki sé meira sagt!

Toppönd

Toppönd er árviss gestur á Tjörninni og sést þar á öllum tímum árs og verpur endrum og eins. Aðeins sást einn toppandarsteggur á Tjörninni á liðnu sumri (1. tafla). Mun meira hefur verið af toppönd nú í vetur og þann 8. desember sáust 12 toppendur sem er með því mesta sem sést hefur í einu á Tjörninni.

Gulönd

Tveir gulandarsteggir sáust á Tjörninni 4.–9. apríl (7. mynd). Gulendur voru árvissir vetrargestir á Tjörninni 1976 til 1983 en hafa ekki sést síðan fyrr en nú.



7. mynd. Tveir gulandarsteggir með álfum, grágæsum, sílamáf og hettumáf á Tjörninni 9. apríl 2020. Ljós. ÓKN.

Kría

Kríuvarp var á tveimur stöðum við Tjörnina 2020, í Vatnsmýrinni og Þorfinnshólma. Þetta er sama dreifing og verið hefur á kríuvarpinu frá árinu 2012. Í talningu 18. maí sáust 108 kríur við Tjörnina. Þann 21. júní voru 48 kríur á hreiðrum í Þorfinnshólma og þar á meðal nokkrar með litla unga (8. mynd). Í friðlandinu sáust þennan dag 15–20 kríuhreiður. Þann 12. júlí sáust 10 kríur í friðlandinu en engin með hreiður. Í Þorfinnshólma sama dag voru 10 til 15 ungar á lífi. Í talningu 25. júlí sáust 22 fullorðnar kríur og 10 nýlega fleygir ungar. Ljóst er að kríuvarpið hefur að mestu misfarist 2020 líkt og verið hefur síðustu ár.



8. mynd. Kríuvarpið í Þorfinnshólma 21. júní 2020. Ljós. JÓH.

Aðrir fuglar

Sílamáfi hefur fækkað við Tjörnina frá því sem áður var og áberandi fáir fuglar sjást þar nú í júní og júlí. Þannig sáust aðeins 41 sílamáfur í talningu 25. júlí. Hettumáfar sáust árið um kring og flestir um haustið, nokkrir stormmáfar eru viðloðandi hettumáfahópin.

Ekki var gerð tilraun til að meta fjölda mófugla í Vatnsmýrarfriðlandi en tjaldur var með hreiður í hólmanum í friðlandinu 21. júní, og einnig sást þar varplegt sandlópar og stelkpar. Stelkur með tvo unga sást 12. júlí í friðlandinu. Einnig sáust í friðlandinu heiðlóa, lóupræll (QH), hrossagaukur, þúfutittlingur og maríuerla, allt tegundir sem hafa orpið þar. Nokkuð af vaðfuglum kemur við í friðlandinu á ferðum sínum um Innnes og þannig sást þar óðinshanapar 21. júní og einn spói 12. júlí. Svartþröstur er orðinn algengur varpfugl í Hljómskálagarðinum og görðum við Tjörnina og deilir þeim með skógarpresti og auðnutittlingi.

Ungir dílaskarfar sáust á Tjörninni veturinn 2019–2020 líkt og verið hafði veturinn þar á undan. Tveir skarfar sáust 25. janúar 2020 og stakir fuglar 2. febrúar og 28. mars (QH), en síðan ekki meir og enginn það sem af er vetri 2020–2021. Gráhegri sást í Vatnsmýrinni 3. mars (SA). Smyrill sást í Vatnsmýri 5. október (QH).

ANNAÐ STARF

Fuglaskilti

Skýrsluhöfundar sáu um að útbúa og skipta út fuglaskiltum við Iðnó, en þar er gert þrisvar á ári, snemma vors (varptími), á miðju sumri (ungatími) og um haustið (vetur).

Vinir Tjarnarinnar

Sjálfbóðaliðar á vegum Fuglaverndar og Norræna hússins hafa tekið til hendinni á vorin í Vatnsmýrarfriðlandi og hreinsað rusl úr síkjum, klippt runna og tré og lagað bakkavarnir. Kófið kom í veg fyrir að hægt væri að húa hópnum saman síðastliðið vor

en ætlunin er að „Vinir Tjarnarinnar“ verði kallaðir til starfa með hækkandi sólu. Sjá líka: <https://fuglavernd.is/verkefningin/hollvinir-tjarnarinnar/>.

UMRÆÐA

Fuglalífi Tjarnarinnar hefur hnignað á liðnum áratugum og það er óumdeilt. Við teljum að þrjár megináhrif séu á þessari þróun og höfum rökstutt það í fyrri skýrslum. Skýringar okkar eru:

- **fæðuskortur**
- **afrán**
- **hnignun búsvæða.**

Við höfum áður rætt ítarlega mögulegar mótvægisáðgerðir og viljum í því sambandi benda á Tjarnarskýrslur frá 2011 og 2012 (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2011 og 2012, sjá líka Ólaf K. Nielsen 2013). Boðskapur okkar er sá sami og fyrr og í hnotskurn felast tillögur okkar í því að viðhalda umgjörðinni, stunda ræktunarstarf og hafa eftirlitsmann með Tjarnarfuglunum. Umgjörðin er svæðið í heild sinni: tjarnir, bakkar, hólmar og friðlandið í Vatnsmýri (1. og 12. mynd). Umgjörðin nær einnig til vatnasviðs Tjarnarinnar. Með viðhaldi er átt við verk líkt og að koma í veg fyrir landbrot í Vatnsmýrinni, tryggja að hávaxnar plöntur líkt og hvönn og kerfill kaffæri ekki kríuvarpið, o.fl. Með ræktunarstarfi er vísað til árangurs andasleppinganna frá 1956 og 1957 og okkar tillaga er að haldið verði áfram með slíkt starf. Eftirlitsmaður með Tjarnarfuglum sinnir daglegum þörfum fuglanna yfir vor og sumar.

Sumum af tillögum okkar um áðgerðir hefur verið fylgt eftir og við fögnum því. Nægir hér að nefna stofnun friðlands fugla í Vatnsmýri á sínum tíma og nú síðast slepping andarunga 2014 og 2015, og umbætur í kríuvarpinu í Þorfinnshólma og Vatnsmýri. Við viljum nota tækifærið og benda á nokkur atriði sem þurfa skoðunar varðandi lélega viðkomu Tjarnarfugla og gróður- og búsvæðavernd.

Ætíðhvönn hefur lagt undir sig hólmana í Norður-Tjörn (9. og 10. mynd) og gert kríuna fráhverfa þeim. Þessir hólmar voru áður fyrir mikilvægustu varpstaðir hennar, ásamt með Þorfinnshólma. Útrýming hvannar í Þorfinnshólma og gerð malarflata í hólma Vatnsmýrartjarnar gerðu kríunni auðveldara fyrir með varp. Í um áratug eða frá því um 1973 til 1982, voru hólmar Norður-Tjarnar tyrfðir á hverju vori fyrir varptímann til að búa í haginn fyrir kríuna, jafnframt voru æðarhreiður útbúin í hólmunum. Um tíma var varpið nýtt, en í smáum stíl þó.

Hvað ræður því að viðkoma Tjarnarandanna er jafnléleg þessi árin og raun ber vitni? Er það fæðuskortur sem ræður mestu eða afrán? Þessu þarf að svara og að nýta þá þekkingu til að bregðast við. Ef það er fæðuskortur sem hamlar, þá þarf hreinlega að fódra andarungana á meðan þeir vaxa úr grasi. Ef það eru afræningjar sem eru flöskuhálsinn, þá þarf að farga þeim eða stugga í burtu.

Svipað á við um kríuvarpið. Af hverju vegnar kríunni jafnilla og raun ber vitni síðustu ár? Mögulega skiptir hér mestu skortur á sandsílum í sjó við Reykjavík, en afræningjar gætu líka leikið hér hlutverk. Í því sambandi nægir að minna á að minkur lék lausum hala í kríuvarpinu í Vatnsmýrinni í júní 2017. Jafnframt hafa kettir sést þar á veiðum. Ef um er að ræða skort á æti er fátt sem við getum gert til að bæta úr.



9. og 10. mynd. Hólmarnir í Norður-Tjörn 21. júní 2020. Litli hólminn er horfinn í hvönn og sá stóri næstum líka. Kriur þrífast ekki í hólmunum þegar þeir eru undirlagðir af svo hávöxnum gróðri og hann fælið margra aðra fugla frá. Í eina tíð voru þeir tyrfdír á hverju vori. Ljósm. JÓH.

Einn tilgangur með Vatnsmýrarfriðlandi var að varðveita þann votlendisgróður sem forðum einkenndi Vatnsmýrina. Úttekt var gerð á flóru friðlandsins 2003 (Jóhann Pálsson 2003). Miklar breytingar hafa orðið síðan og skógarkerfill meðal annars lagt undir sig stórar spildur (11. mynd). Með tilliti til þessara breytinga er tillaga okkar að gróðurúttekt verði endurtekin. Jafnframt verði tækifærið notað og gerð úttekt á bæði varpi anda og mófugla í Friðlandinu.



11. mynd. Frá Vatnsmýrartjörn, í forgrunni duggandarkolla og í bakgrunni breiður af skógarkerfli. Ljósmynd JÓH.



12. mynd. Loftmynd af friðlandinu í Vatnsmýri, þar sem malarflákarnir í hólmanum sjást vel. Gróður er þó farinn að vaxa inná jaðra þeirra. Mynd er tekin 27. júlí 2020 og sótt af Borgarvefsjá 27. nóvember sama ár.

Mikið landbrot hefur verið í Friðlandinu (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2017). Það verður að bregðast við þessu á einhvern máta og tryggja að aldan brjóti ekki bakkann líkt og reyndin hefur verið á liðnum árum.

Vatnsbúskapur Tjarnarinnar gæti verið í hættu vegna mikilla framkvæmda víða í Vatnsmýri eða í jaðri hennar. Bæði eru framkvæmdir í Hlíðarenda og svo stendur til að byggja við sunnanverðan Flugvöllinn. Þessar framkvæmdir gætu haft áhrif á vatnsbúskapinn og þarf að vakta hann gjörlla og bregðast við stefni í óefni.

Í lokin er rétt að minna á að borgaryfirvöld mörkuðu á sínum tíma stefnu varðandi lífríki Tjarnarinnar. Um það má lesa í bókinni „Tjörnin, saga og lífríki“ sem kom út á vegum Reykjavíkurborgar árið 1992. Þar segir m.a. á bls. 165 í kafla 8, „Framtíð Tjarnarsvæðisins“ sem er eftir Inga Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli M. Gíslason, Halldór Torfason og Jóhann Pálsson:

„Fjölbreytt andalíf Tjarnarinnar er að miklu leyti mangert og komið var upp vísi að fuglagarði á svæðinu á sjötta ártugnum. Þessi tegundaauðlegð hefur bæði skemmti- og fræðslugildi og ber að vinna áfram í sama anda. Forsenda fyrir slíku ræktunarstarfi er að skipulegt eftirlit sé með Tjarnarfuglunum, bæði almenn umhirða, til dæmis að fódra unga, eyða vörgum, vakta varplönd og fleira, og eins að fylgjast með stofnstærð og viðkomu Tjarnarfugla, þannig að á hverjum tíma sé vitað hvað sé þar af fugli og hvort ákveðnum tegundum sé að fækka eða þær jafnvel að hverfa.“

HEIMILDIR

eBird Basic Dataset 2017. Version: EBD_relMay-2017. Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. Upplýsingar sóttar 14. des. 2020 af <https://ebird.org/hotspot/L1309348>, <https://ebird.org/hotspot/L2175183> og <https://ebird.org/hotspot/L1025679>

Ingi Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli M. Gíslason, Halldór Torfason & Jóhann Pálsson 1992. Framtíð Tjarnarsvæðisins. Bls. 161-171 í *Tjörnin, saga og lífríki*. Reykjavíkurborg. 197 bls.

Jóhann Pálsson 2003. Friðlandið í Vatnsmýrinni, flóra og gróðurfar í friðlandi fyrir fugla í Vatnsmýrinni. Umhverfis- og heilbrigðisstofa. UHR 11-2003_6.

Ólafur K. Nielsen 1992. *Tjarnarfuglar*. Bls. 93-153 í *Tjörnin, saga og lífríki*. Reykjavíkurborg.

Ólafur K. Nielsen 2013. *Til varnar Tjörninni, minni gömlu fóstru!* Fuglar 9: 30-35.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2009. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2009*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 12 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2011. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2011*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 14 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2012. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2012*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 17 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2017. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2016*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 15 bls.

TÖFLUR

1. tafla. Endur á Tjörninni 2020. Samtals voru gerðar þrjár heildartalningar á fuglum vorið og sumarið 2020. Í töflunni er sýnt hvað sást af gæsum og öndum í þessum talningum.

Tegund	Aldur	1.5.2020	18.5.2020	25.7.2020
Grágæs	fullorðinn	22	30	93
Grágæs	ungi	0	0	20
Stökkönd	steggur	27	24	155
Stökkönd	kolla	16	13	45
Stökkönd	ungi	0	0	19
Gargönd	steggur	1	0	10
Gargönd	kolla	1	0	5
Gargönd	ungi	0	0	6
Rauðhöfði	steggur	1	2	2
Rauðhöfði	kolla	1	2	2
Rauðhöfði	ungi	0	0	5
Urtönd	ókyngreind	0	0	1
Urtönd	steggir	1	1	0
Urtönd	kolla	1	2	0
Urtönd	ungi	0	0	0
Duggönd	steggur	4	8	0
Duggönd	kolla	3	9	4
Duggönd	ungi	0	0	10
Skúfönd	steggur	21	35	14
Skúfönd	kolla	15	19	28
Skúfönd	ungi	0	0	52
Toppönd	steggur	1	1	0

2. tafla. Andakollur á Tjörninni í Reykjavík vorið 2020, samanborið við meðaltal árána 1974–2020.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2020	45	1	28	9	0	83
Meðaltal 1974–2020	73	2	26	13	27	141
Hámark	115	6	50	32	72	214
Lágmark	27	1	11	5	0	62
Staðalfrávik	23,29	1,38	7,32	7,90	17,81	42,66
Breytileikastuðull	32%	55%	28%	60%	65%	30%
Ár (n)	41	41	41	40	40	39
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,623	-0,519	0,339	-0,879	-0,815	-0,806

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.

3. tafla. Stálpaðir andarungar á Tjörninni í Reykjavík síðsumars 2020, samanborið við meðaltal árána 1973–2020.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2020	19	6	52	10	0	87
Meðaltal 1974–2020	48	5	25	15	37	131
Hámark	140	31	94	58	125	316
Lágmark	3	0	0	0	0	24
Staðalfrávik	30,12	6,16	17,91	15,06	32,11	77,77
Breytileikastuðull	33%	116%	71%	97%	86%	60%
Ár (n)	40	40	41	41	41	39
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,670	-0,439	-0,048	-0,585	-0,803	-0,760

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.